

á þeim lögum, lög nr. 86 28. desember 1960, um bráðabirgðabreyting sömu laga, svo og lög nr. 95 8. desember 1961, um hækkun á bótum almannatrygginga, skal hækka um 7% frá 1. júní 1962.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 17. desember 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um bráðabirgðabreyting og framlenging nokkurra laga.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1963 með viðauka eftirtalin gjöld til ríkissjóðs:

- a. Með 140% viðauka stimpilgjald og leyfisbréfastgjöld önnur en þau, er um ræðir í aukatekjulögum nr. 40/1954.
- b. Með 560% álagi gjald af innlendum tollvörutegundum samkv. lögum nr. 60 1939, nema af gosdrykkjum samkv. 1. tölulið 4. kafla 2. gr. með 680% álagi, öli samkv. 3. tölulið sama kafla með 740% álagi og kaffibæti samkv. 1. lið 3. kafla með 50% álagi.

2. gr.

Álagið skal reikna þannig, að hver gjaldeining hækki um þann hundraðshluta, sem um ræðir í 1. gr., en broti úr eyri, sem myndast við viðbót þessa, skal sleppt.

3. gr.

Gjöld samkv. lögum nr. 68/1949, um bifreiðaskatt o. fl., skal á árinu 1963 innheimta þannig:

- a. Bifreiðaskattur samkvæmt c—e-liðum 1. gr. laganna fyrir árið 1962, er fellur í gjalddaga 1. janúar 1963, skal innheimtur með 100% álagi að undanteknum skatti af vöru- og sérleyfisbifreiðum, sem nota annað eldsneyti en benzín, en skattur af þeim skal innheimtur með 50% álagi. Einnig skal bifreiðaskattur fyrir árið 1963, er kann að verða greiddur á því ári, vegna eigendaskipta á bifreiðum eða af öðrum ástæðum, innheimtur með sömu álögum. Álögin njóta sömu lögverndar og bifreiðaskatturinn, þar með talið lögveð, sem gengur fyrir öðrum veðum.
- b. Innheimta skal innflutningsgjald samkvæmt b-lið 1. gr. laganna með 6 — sex krónum — af hverju kg af hjólbörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar. Álögin á innflutningsgjöldin af hjólbörðum og slöngum njóta sömu lögverndar og aðflutningsgjöld.

4. gr.

Lög nr. 90 1954, um tollskrá o. fl., breytast þannig á árinu 1963:

I. Innheimta skal:

A. Vörumagnstoll með þessum hækkunum:

- a. Af benzíni öðru en flugvélabenzíni, samkvæmt 27. kafla tollskrárinnar, 15. lið, með 20 aurum af kg í stað eins eyris.
- b. Af öllum öðrum vörum með 340% álagi, þó ekki af flugvélabenzíni og vörum þeim, sem taldar eru í II. tölulið.

B. Verðtoll með 80% álagi, þó ekki af vörum þeim, sem taldar eru í II. tölulið.

Innheimta skal og greiða í sérstakan sjóð 1% af vörumagnstolli og verðtolli samkv. tollskrá og hækkunum samkv. þessari grein, svo og af öðrum aðflutningsgjöldum, þó ekki af söluskatti af innfluttum vörum. Fé þessu skal varið til byggingar tollstöðva í landinu. Álagið skal innheimt með öðrum aðflutningsgjöldum og nýtur sömu lögverndar og þau. Jafnframt er framkvæmd 5. gr. laga nr. 68/1956, um tollheimtu og tollfirtlit, frestað til ársloka 1963.

II. Undanþegnar tollhækkun þeirri, er getur í b-lið A-liðar og B-lið í I. tölulið þessarar gr., eru þessar vörur:

Tollskrárkaffli	9 nr. 1—2, kaffi óbrennt eða brennt og malað.
—	10 nr. 1—7, korn, ómalað.
—	11 nr. 1—12, mjöl og grjón.
—	17 nr. 1—6, sykur.
—	22 nr. 6—38, drykkjarvörur og ýmislegir vökvar.
—	24 nr. 1—9, tóbak.
—	25 nr. 10, salt.
—	27 nr. 1—4, kol.
—	27 nr. 14, steinólía.

Enn fremur eru vörur, sem sérstakur tollur er greiddur af vegna millirikjasamninga, undanskildar tollhækkun samkvæmt I. tölulið þessarar greinar, svo og vörur þær, sem taldir eru í 2. gr. laga nr. 90 20. nóv. 1961, um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum.

III. Heimilt skal að fella niður aðflutningsgjöld af:

- a. Belgávöxtum, sem teljast til nr. 5—6 í 7. kafla tollskrár.
- b. Ómöluðu korni, sem telst til nr. 1—7 í 10. kafla tollskrár.
- c. Kornmjöli og grjónum, sem telst til nr. 1—12 í 11. kafla tollskrár.
- d. Kaffi, óbrenndu eða brenndu og möluðu, sem telst til nr. 1—2 í 9. kafla tollskrár.
- e. Sykri, sem telst til nr. 1—6 í 17. kafla tollskrár.

5. gr.

Gilda skulu til ársloka 1963 ákvæði um 8% viðbótarsöluskatt á innfluttum vörum í a-lið bráðabirgðaákvæða við lög nr. 10/1960, um söluskatt. Enn fremur skulu lög nr. 90/1961, um lækkun aðflutningsgjalda á ýmsum vörum, gilda til ársloka 1963.

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1963.

Gjört að Bessastöðum, 13. desember 1962.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.